



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Jelsbuen 1
2620 Albertslund
Denmark

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 26. apríl 2013

UTN13040085/04.X.004; 08.G.520

HÖI/ers

Vísað er til erindis þíns dags. 12. apríl 2013 þar sem þess er farið á leit að utanríkisráðuneytið afhendi skýrslu eða greinargerð þá sem unnin var í tengslum við viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á fullveldi Palestínu. Um er að ræða minnisblað ráðuneytisins til utanríkismálanefndar sem ber heitið Viðurkenning Palestínu, dagsett 16. september 2011.

Á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 er þér hér með afhent afrit af ofangreindu minnisblaði að undanskilinni fjórðu málsgrein á bls. fjögur, en hún er undanskilin aðgangi almennings með vísan til 2. töluliðar 10. gr. upplýsingalaga þar sem hún varðar samskipti við önnur ríki eða fjölpjóðastofnanir.

Utanríkisráðuneytið bendir jafnframt á að þér er heimilt að bera synjun á beiðni um aðgang að ofangreindri málsgrein undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál innan 30 daga frá tikynningu um synjum.

F.h.r.

Hermann Ingólfsson

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Utanríkismálaneftnd**
Sendandi: **Utanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **16.09.2011**
Málsnúmer: **UTN10090015**
Bréfalykill: **97.P.509**

Efni: Viðurkenning á Palestínu

Ísland hefur um langt árabil stutt sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstætt ríki Palestínumanna, lagt áherslu á friðsamlega lausn deilumála Palestínumanna og Ísraels og talið brýnt að alþjóðasamfélagið knýji fram samkomulag deiluaðila. Alþingi samþykkti hinn 30. apríl 2002 ályktun um deilur Palestínumanna og Ísraels, þar sem þess var krafist "að hafnar verði friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra....". Þá er í samstarfsfyrlýsingu ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á "að byggja upp pólitisk tengsl við heimastjórn Palestínu og að Íslendingar styðji sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstætt ríki þeirra...".

Skýr ósk um viðurkenningu Íslands á Palestínuríki kom fram á fundum utanríkisráðherra með forseta og utanríkisráðherra Palestínu í júlí síðastliðnum. Þeir hvöttu Ísland til að taka þetta skref sem allra fyrst til að styrkja þeirra málstað. Hvatning um viðurkenningu af hálfu Íslands hefur einnig komið fram hjá ríkjum hliðhollum Palestínu, þar á meðal Egyptum. Engar vísbindingar liggja fyrir um að viðurkenning af hálfu Íslands myndi hafa neikvæð áhrif fyrir Palestínumenn.

Kjósi íslensk stjórnvöld nú að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki gæti það styrkt viðleitni Palestínumanna til að afla stuðnings við málstað sinn. Ekki er vitað um áform annarra vestrænna ríkja hvað varðar viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu á þessu stigi en ólíklegt að viðurkenning af Íslands hálfu myndi brjóta ísinn eins og gagnvart Eystrasaltsríkjunum fyrir 20 árum, enda 126 ríki þegar búin að viðurkenna fullveldi Palestínu.

Engar vísbindingar hafa komið fram um að viðurkenning Íslands myndi skaða hagsmuni Íslands gagnvart öðrum ríkjum, þó ekki sé hægt að útiloka að pólitisk samskipti við einstaka vinaríki verði stirðari um stundarsakir.

Um viðurkenningu

Ríki öðlast stöðu innan alþjóðasamfélagsins með viðurkenningu annarra ríkja og þjóðréttaraðila. Slíkar viðurkenningar byggja á kenningum þjóðaréttar um skilyrði sem ríki þurfi að mæta til að þau geti talist fullgildir aðilar að þjóðarétti. Þar er helst litið til þess að ríki þurfi að hafa afmarkað landssvæði, íbúa og ríkisstjórn sem hafi stjórn á viðkomandi landssvæði og sjálfstæði til að hafa samskipti við önnur ríki. Viðurkenning á nýju ríki alþjóðasamfélagsins er fyrst og fremst utanríkispólitisk aðgerð byggð á þjóðréttarlegum grunni. Viðurkenningin er þannig tvíhliða gjörningur sem grundvallast á fullveldi og gagnkvæmni og þarf ekki formlegt samþykki frá alþjóðasamfélagini, þótt það kunni síðar að koma til í formi aðildar að alþjóðastofnunum.

Hvað hina þjóðréttarlegu hlið varðar hefur helst verið tínt til að það skorti á full yfírráð

Palestínu yfir landssvæði sínu sökum ólögmæts hernáms Ísraels. Það er hins vegar ein af grundvallarreglum þjóðaréttar að ólögmætar aðgerðar eins ríkis geti ekki skapað því rétt sér til handa (reglan um ex injuria jus non oritur). Sameinuðu þjóðirnar hafa ályktað um hið ólögmæta hernám Ísraels á landi Palestínu og því er ljóst að óháð því hversu lengi hernámið hefur staðið að það skapar Ísrael ekki rétt yfir landssvæðunum. Því verður að telja að með vísan til lögmætisreglu þjóðaréttar sé fyllilega unnt að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki, þó það uppfylli ekki að fullu skilyrði þjóðaréttar um yfirláð yfir eigin landssvæði vegna hins ólöglega hernáms Ísraels.

Þetta styðst ennfremur við önnur fordæmi. Kosovó er nærtækasta dæmið, þar sem ríkisstjórn landsins hefur enn í dag ekki full yfirláð yfir öllu landssvæði þess. Mörg ríki, að Íslandi meðtoldu, viðurkenndu þó Kósovó árið 2008. Ísland viðurkenndi einnig Króatíu 1991 án þess að ríkisstjórn landsins hefði þá að fullu yfirláð yfir öllu landssvæði þess.

Jafnvel eru dæmi þess að fullvalda ríki hafi tekið upp stjórnmalasamband við ríki þó enginn annar viðurkenni það, sbr. viðurkenning Tyrklands á Norður-Kýpur.

Einnig eru dæmi um að ríki haldi stjórnmalasambandi við ríkisstjórn sem hefur hrökklast úr landi sínu, til dæmis norska úttagastjórnin í Lundúnnum í síðari heimsstyrjöldinni og Lýðveldið Kína eftir 1949. (Sendiherra Noregs á Íslandi var ekki fulltrúi Quisling stjórnarinnar og Peking stjórnin, sem réð 99% Kína, naut lengi vel ekki almennrar viðurkenningar né skipaði hún sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum.)

Páfastóll (Holy See) og Möltureglan eru loks dæmi um fullvalda lögaðila í alþjóðasamskiptum sem ekki eru ríki.

Alþjóðasamfélagið og friðarferlið

Alþjóðasamfélagið hefur síðan 29. nóvember 1947 gert ráð fyrir stofnun ríkis araba í Palestínu. Var það gert með ályktun allsherjarþings SÍ nr. 181 (UN Partition Resolution) sem kveður á um stofnun ríkja gyðinga og araba í Palestínu. Ályktunin kom aldrei að fullu til framkvæmdar, þar sem aðeins ríki gyðinga var stofnað í maí 1948, en ekki ríki araba.

Með Osloar samkomulaginu 1993 var dregin upp áætlun um samningaferli þar sem friðarsamningar („permanent settlement“) skyldu byggjast á ályktunum öryggisráðsins nr. 242 (1967) og 338 (1973). Þessi afstaða hefur verið áréttuð í fjölmörgum ályktunum á vettvangi SÍ. Samkvæmt öryggisráðsályktun nr. 242 ber Ísrael að draga til baka her sinn frá svæðum sem voru hernumin í sex daga stríðinu 1967. Þá er miðað við grænu línuna svonefndu, sem er vopnahléslínan frá 1949. Palestínumenn hafa fallist á að landamærin eins og þau voru fyrir sex daga stríðið 1967 séu grundvöllur friðarumleitana.

Árið 2002 hnykktu leiðtogar Arababandalagsins á þessari afstöðu á leiðtoga fundi í Beirút (Arab Peace Initiative). Þar lýstu Arabaríkin þeim vilja sínum að stofna til eðlilegra samskipta ("normal relations") við Ísrael með því skilyrði að Ísrael drægi her sinn til baka miðað við landamærin eins og þau voru fyrir sex daga stríðið 1967 (græna línan).

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Palestínumenn hafa undanfarin misseri unnið ötullega að því að afla stuðnings við viðurkenningu sjálfstæðs ríkis og aðild þess að Sameinuðu þjóðunum. Kjósi þeir að sækja um fulla aðild að SÍ mun umsóknin koma til umfjöllunar í öryggisráðinu, þar sem öruggt þykir að Bandaríkin muni beita neitunarvaldi og umsóknin fáist ekki samþykkt. Hinn valkosturinn er að lögð verði fram drög að ályktun um stuðningsyfirlýsingi við Palestínu í allsherjarþinginu. Fáist hún samþykkt mun áheyrnarstaða Palestínu innan SÍ breytast úr því að vera "entity" í "non-member state". Nægur stuðningur er í allsherjarþinginu til að ályktun á þeim vettvangi fáist samþykkt, en vart mun hún hafa tilætluð áhrif til framdráttar málstað Palestínumanna nema hún njóti yfirgnæfandi stuðnings aðildarríkja.

Nefnd Arababandalagsins um friðarumleitanir (Arab Peace Initiative) ályktaði á fundi sínum í Doha 24. ágúst 2011 stuðning við ríkisstofnun, sem og aðildarumsókn Palestínu að Sþ. Á leiðtoga fundi Arababandalagsins hinn 14. september 2011 var þessi stuðningur við fyrirætlanir Palestínumanna staðfestur.

Samkvæmt óformlegum upplýsingum frá fastanefnd Palestínu í New York telja þeir sig hafa stuðning a.m.k. 140 ríkja. Eiga þeir vísan stuðning G77 og Samtaka óháðra ríkja, auk þess sem fjöldi ríkja í Suður- og Mið-Ameríku hefur viðurkennt Palestínu á undanförmum mánuðum.

Ísraelar styðja í orði kveðnu tveggja ríkja lausnina en vilja að það verði gert með friðarviðræðum líkt og samið hefur verið um milli aðila. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki fallist á landamærin frá 1967 (grænu línuna) sem grundvöll samningaviðræðna og telur í raun að svæðin sem eru handan línunnar séu ekki hernumin. Núverandi forsætisráðherra, Benjamin Netanyahu, lýsti afstöðu Ísraels í ræðu sinni í bandarískra þinginu í maí síðastliðnum. Hann lagði mikla áherslu á að Palestínumenn viðurkenndu Ísrael sem ríki gyðinga. Palestínumenn, þ.e. PLO, hafa viðurkennt Ísraelsríki en nýmæli er að Ísraelar æski viðurkenningar sem gyðingaráki. Netanyahu sagði Ísrael reiðubúið til að gera viðtæka málamiðlun og gefa eftir hluta af heimalandi gyðinga til að ná fram friði. Sú málamiðlun þyrfti að endurspeglar þær stórfelldu breytingar sem hefðu átt sér stað á svæðinu síðan 1967 og vísaði hann þar til þeirra 650.000 ísraelsku ríkisborgara sem búa í landtökubyggðum handan grænu línunnar. Hann sagði að helstu landtökubyggðirnar yrðu að falla undir Ísraelsríki ef ná ætti fram raunsæjum samningum. Palestína yrði að vera herlaust land og að Ísrael myndi halda áfram að hafa samningum. Palestína yrði að vera herlaust land og að Ísrael myndi halda áfram að hafa hernaðarlega viðveru á vesturbakka Jórdanárinna til lengri tíma. Hann lagði áherslu á að aldrei mætti astur skipta upp Jerúsalem sem yrði áfram höfuðborg Ísraelsríkis (Ísrael hefur innlimað Jerúsalem en sú innlimun er talin ólögmæt af alþjóðasamfélögnum skv. fjórða Genfarsamningnum). Varðandi Palestínuflóttamenn sagði forsætisráðherrann að leysa yrði stöðu þeirra utan landamæra Ísraelsríkis en Palestínuflóttamenn krefjast réttar til að snúa aftur til fyrr heimkynna sinna þar sem nú er Ísraelsríki.

Alþjóðasamfélagini hefur ekki tekist að fá deiluaðila að samningaborðinu undanfarin misseri. Margir telja að Ísraelar beri megin ábyrgð á því m.a. með því að halda áfram landtöku á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem. Þrátt fyrir friðarsamninga Ísraels við Egyptaland og Jórdaníu þá er andstaða rík við Ísrael í arabaheminum og mótar alla afstöðu Ísraela til nágrannaríkjanna. Ísrael leggur því áherslu á að öryggi landsins og landamæra þess verði sem best tryggt. Þá er að mati Ísraela hætta á að farsæl öryggissamvinna Ísraela og Ramallah bíði hnekki vegna einhliða aðgerða Palestínumanna á alþjóðavettvangi þrátt fyrir orð Palestínumanna um hið gagnstæða. Öryggissjónarmið móta alla afstöðu Ísraela til friðarferlisins og samningaviðræðna við Palestínumenn.

Ísraelsk stjórnvöld hafa lýst sig alfarið andsnúin einhliða aðgerðum af hálfu Palestínumanna á vettvangi Sþ og beitt sér gegn því að þær nái fram að ganga. Þau segja það spilla fyrir friðarferlinu og friðarviðræðum. Auk þess halda þau því fram að með því að fara með málið fyrir Sþ séu Palestínumenn að kasta rýrð á lögmæti Ísraelsríkis. Spyrra má hvort andstaða Ísraela við aðkomu Sþ að málum nú feli í sér óraunhæft stöðumat eða einfaldlega kalt mat á því að það henti þeim ekki að ganga til samninga á þessum tímapunktum. Í því sambandi vekur athygli frétt í ísraeliska dagblaðinu Haaretz frá 28. ágúst sl. um að í nýlegu minnisblaði fastafulltrúa Ísraela hjá Sþ komi fram að Ísraelar telji sig enga möguleika eiga á að afla verulegs stuðnings gegn ályktun Palestínumanna í allsherjarþinginu. Á hinn bóginn er ljóst að Ísraelar geta reitt sig á að Bandaríkin beiti neitunarvaldinu í öryggisráðinu gegn fullri aðild Palestínu að Sþ kjósi Palestínumenn að fara þá leiðina.

Óvissan um afdrif málsins á vettvangi Sþ er mest meðal vestrænna ríkja. Ísland er eina vestræna ríkið sem á þessu stigi hefur lýst því yfir opinberlega að það muni styðja ályktanir

um sjálfstæði Palestínu á vettvangi SP og aðildarumsókn.

ESB leggur áherslu á að ná fullri einingu innan sambandsins, en óljóst er hvort það takist. Texti ályktunar í allsherjarþinginu mun ráða miklu um hvernig atkvæði skipast. Stefna ESB hefur verið að segja sem minnst um málið, þar sem enn séu ekki nægar upplýsingar fyrir hendi og því ekki komnar forsendur til að taka afstöðu til væntanlegra ályktana. Um leið hefur ESB lagt áherslu á að skapa fulla einingu um væntanlega afstöðu sambandsins. Þó ber að hafa í huga að þegar hafa átta ESB ríki (Búlgaría, Kýpur, Malta, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland) viðurkennt Palestínu. Það yrði að teljast óvenjulegt ef þessi ríki styddu ekki málstað Palestínumanna hjá SP í september, en stuðningur þeirra er þó alls ekki vís. Þannig hafa Ísraelar m.a. beitt Rúmena og Búlgara sérstökum þrýstingi og liklegt er að Tékkar skipi sér í hóp þeirra ríkja sem síst styðji Palestínumenn á vettvangi SP.

Af öðrum ESB ríkjum hafa Þýskaland, Holland og Ítalía lýst sig andsnúin því að málið komi til kasta SP. Verði orðalag ályktunar hófsamt og feli í sér ákvæði um friðarviðræður kunna þau hins vegar að veita henni brautargengi. Talið er að hvorki Bretland né Frakkland vilji taka afstöðu til málssins í öryggisráðinu í andstöðu við Bandaríkin og vilji frekar að málið sé skoðað í skjóli allsherjarþingsins.

Spánn hefur gengið einna lengst fram í stuðningi við málstað Palestínumanna að undanförnu, en ólíklegt er að þeir taki einhliða ákvörðun þar að lútandi. Utanríkisráðherra Spánar sagði í nýlegu viðtali í El País að það gæti ekki talist fjandsamleg aðgerð í garð Ísraels að leggja málið fyrir SP og hann teldi að nú væri rétti tíminn til að koma til móts við óskir Palestínumanna um sjálfstætt ríki. Þá eru írar taldir hliðhollir málstað Palestínumanna þótt óljóst sé hvort það komi fram á vettvangi SP.

Afstaða þeirra flokka sem náðu meirihluta í danska þinginu í kosningum hinn 15. september 2011 hefur verið sú að Danir eigi að viðurkenna sjálfstæði Palestínu og styðja ályktanir í þá veru hjá Sameinuðu þjóðunum, jafnvel þó ekki náist sátt um það innan ESB.

Barack Obama lýsti því yfir í ræðu hinn 19. maí 2011 að bandarísk stjórnvöld styðji að tveggja ríkja lausnin skuli miðast við landamærin frá 1967 (grænu línuna). Stjórnvöld í Washington leggjast hins vegar gegn öllum aðgerðum Palestínumanna á vettvangi SP, sem þau líta á sem einhliða aðgerðir sem hamli friðarferlinu. Talið er fullvist að þau beiti neitunarvaldinu í öryggisráðinu sækja Palestína um aðild að SP. Þá hefur legið í loftinu að Bandaríkin kunni að draga úr fjárhagsaðstoð við Palestínumenn láti þeir verða af aðgerðum sínum í september. Bandaríkjapting hefur samþykkt óbindandi ályktun þar að lútandi. Einnig hefur formaður utanríkismálanefndar fulltrúa deildarinnar, Ros-Lehtinen, lagt fram frumvarp til að koma í veg fyrir fjárframlög frá Bandaríkjum til þeirra stofnana SP sem í framtíðinni samþykka aðild Palestínu eða hækka stöðu sendinefndar hennar. Þrýstingur Bandaríkjanna á Palestínumenn um að falla frá áformum sínum heldur áfram, nú síðast með heimsókn tveggja sérstakra fulltrúa Hvítá hússins, þeirra David Hale og Dennis Ross til Ramallah.

Í framhaldi af hríðversnandi samskiptum Tyrklands og Ísraels síðustu vikur hafa tyrknesk stjórnvöld (sem viðurkenndu Palestínu árið 1988) nú eindregið hvatt til viðurkenningar.

Þá áréttuðu kínversk stjórnvöld nýlega stuðning sinn við málstað Palestínumanna, en Kína viðurkenni Palestínu árið 1988. Það sama á við um Rússland.

Palestínumenn hafa sýnt fram á að þeir séu nú tilbúnir fyrir ríkisstofnun á grundvelli efnahags- og þróunaráætlunar Palestínu, Fayyad áætluninni svokölluðu og hafa fengið það staðfest af alþjóðasamfélögnum, m.a. af SP og Alþjóðabankanum.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að sáttum Fatah og Hamas samtakanna verði framfylgt og þau komi sér saman um eina ríkisstjórni á Vesturbakkanum og Gasa. Þannig verði auðveldara fyrir þjóðir heims að styðja sjálfstæðisbaráttu Palestínumanna. Ólíklegt er þó að ný ríkisstjórni verði mynduð á næstunni, þar sem vísbindingar eru um að það þjóni hvorugum aðila. Það ynni gegn Ramallah á alþjóðavettvangi að hafa Hamas innanborðs, sem mörg ríki skilgreina sem hryðjuverkasamtök. Völd og áhrif Hamas á Gasa gætu einnig minnkað með þátttöku í sameiginlegri ríkisstjórni. Í maí 2011, þegar samkomulag milli Fatah og Hamas var gert í Kaíró, voru báðir aðilar undir áhrifum arabískra vorsins og óvissunnar til hvers það myndi leiða. Báðir aðilar eru áfram undir miklum þrýstingi heima fyrir um að ná samkomulagi sín á milli og er eðlilegt, hvort sem íslensk stjórnvöld ákvæða að viðurkenna Palestínu tvíhlíða eða ekki, að halda áfram að þrýsta á báða aðila að leggja ágreining sinn til hliðar og vinna saman að friðsamlegri framtíðaruppgöggingu landsins í sátt við alla nágranna þess, þar með talið Ísrael.

Við ákvarðanatöku um hvaða leið þeir velja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verður að hafa í huga að stjórnvöld í Ramallah þurfa ekki eingöngu að meta afstöðu einstakra aðildarríkja SP og ríkjasambanda áður en þau taka endanlega ákvörðun. Þau þurfa einnig að taka mið af baklandinu heima fyrir. Afstöðu palestínsks almennings sem hefur látið hernámið yfir sig ganga í rúmlega 40 ár og er búinn að fá sig fullsaddan af friðarviðræðum sem engu skila. Þegar er búið að setja af stað kröfugerð eða átak sem nefnist "Palestine State 194" (Palestína yrði 194 aðildarríki SP) og er gert ráð fyrir kröfugöngum og ýmsum atburðum á Vesturbakkanum og á Gaza á næstunni. Því hafa skapast væntingar um almennan stuðning alþjóðasamfélagsins við ríki Palestínumanna á hernumdu svæðunum og aðild þess að Sameinuðu þjóðunum. Erfitt er að segja til um hver verða viðbrögð palestínsks almennings rætist ekki úr vonum Palestínumanna hjá SP. Ísraelar telja mikla hættu á öldu ofbeldis á hernumdu svæðunum í kjölfarið, en palestínsk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að allt fari friðsamlega fram. Einnig er óljóst hvernig landtökumenn á hernumdu svæðunum bregðast við, nái Palestínumenn góðum árangri hjá SP, en þeir hafa farið með auknu ofbeldi gegn Palestínumönum og eignum þeirra á undanförnum mánuðum.

Sameinuðu þjóðirnar bera ríka ábyrgð á málefnum Palestínu, ekki eingöngu í sögulegu tilliti, heldur einnig sem vettvangur alþjóðasamfélagsins sem skal stuðla að heimsfriði og öryggi. SP eiga að tryggja virðingu fyrir alþjóðalögum og mannréttindum. Frelsishreyfing Palestínumanna (PLO - sem er viðurkennd sem hinn réttmæti fulltrúi Palestínumanna, sbr. ályktun allsherjarþingsins frá 14. október 1974) og heimastjórn Palestínu (PNA) hafa gefið vopnaða baráttu upp á bátinn, viðurkennt Ísraelríki og fallist á 1967 sem framtíðarlandamæri og eru hér að nota alþjóðlega viðurkennd úrræði til að leita réttar síns til sjálfsákvörðunar. Harðneskjuleg afstaða Ísrael breytist ekki án utanaðkomandi þrýstings og Palestínumenn eru of veikburða til að knýja á um breytingu. Endurvekja þarf friðarferlið, þar sem stofnanir alþjóðasamfélagsins komi með miklu ákveðnari og virkari hætti að lausn málsins. Í ljósi ofangreinds getur aðeins talist eðlilegt að Palestínumenn velji þá friðsamlegu leið að leggja málid í dóm Sameinuðu þjóðanna.

Eins og fyrr segir mun áheyrnarstaða Palestínu innan SP breytast úr því að vera "entity" í "non-member state" verði ályktun um stuðningsyfirlýsingu samþykkt í allsherjarþinginu. Í þessu felst m.a. sú breyting að Palestína mun geta gerst aðili að alþjóðasamningum og tekið þátt í alþjóðaráðstefnum. Þessu fylgja þær væntingar að Palestína gerist aðili að mikilvægum

samningum, t.d. helstu mannréttindasamningum SP, Genfarsamningunum og stofnsáttmála Alþjóðasakamáladómstólsins. Með aðild að slíkum samningum kunna einnig að opnast möguleikar fyrir Palestínumenn að fara til alþjóðlegra dómstóla með meintar misgjörðir Ísraela og það hefur einnig áhrif á afstöðu Ísraels til málsins. Heimastjórn Palestínu (PNA) hefur formlega fallist á lögsögu Alþjóðasakamáladómstólsins.

Þar sem ekkert friðarferli er í gangi er tímabært að SP hlutist til um málið. Engin merki eru nú sjáanleg um að hægt verði að endurlífga friðarferlið í náinni framtíð. Þvert á móti heldur landtakan áfram á hernumdu svæðunum. Viðurkenning SP á Palestínu sem sjálfstæðu ríki eða sem aðildarríki myndi ekki breyta því að landið yrði áfram hernumið. Breiður stuðningur aðildarríkja SP myndi þó styrkja stöðu Palestínumanna í friðarviðræðum í framtíðinni, bæði pólitískt og lagalega. Líklegt verður einnig að teljast að viðurkenning fleiri ríkja, þar á meðal Íslands, á sjálfstæði Palestínu auki þrýsting á Ísraela um að ganga aftur að samningaborðinu.

Þá lýsti Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, því yfir 9. september 2011 að löngu sé tímabært að Palestína verði sjálfstætt og fullvalda ríki. Spurningunni um viðurkenningu og aðild að SP vísaði hann hins vegar til aðildarríkja samtakanna. Þá má ætla, miðað við hina sterku vakningu meðal Arabírkja, þar sem vaxandi samúðar gætir með málstað Palestínumanna, ekki síst í Egyptalandi sem efalítíð verður ráðandi aðili á svæðinu í framtíðinni, að nú sé rétti tíminn fyrir Ísraela til að tryggja öruggi sitt með samningum. Aukinn þrýstingur á þá til að taka á nýjan leik þátt í friðarferlinu er því í þágu öruggishagsmunu þeirra og svæðisins alls.

Mannréttindabrotum gegn Palestínumönnum verður að linna og virða þarf mannúðarlög, þó Ísraelar eigi rétt til eðlilegrar sjálfsvarnar. Alda mótmæla og uppreisna gegn einræði og kúgun fer nú um Mið-Austurlönd. Ef mannréttindi og sjálfssákvörðunarréttur Palestínumanna verða ekki virt er veruleg hætta á óheftu ofbeldi í Palestínu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir samskipti Ísraels og Palestínumanna og framtíðar friðaruppbryggingu.